

Umsókn um styrk vegna uppsetningu söngleiksins Pálmar

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

28.07.2021

Ágæta nefndarfólk,

Við heitum Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir og Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir og í sumar höfum við verið að skrifa söngleik á vegum Skapandi Sumarstarfa í Garðabæ. Söngleikurinn heitir Pálmar og fjallar um afa Tinnu Margrétar, Pálmar Ólason. Pálmar hefur verið virkur á mörgum sviðum í tengslum við Garðabæ, í tónlistarlífinu, skemmtunum og við þróun bæjarmyndarinnar með teikningu ýmissa lykilbygginga, svo eitthvað sé nefnt. Nú er loks komið að því að söngleikurinn er tilbúinn til uppfærslu. Við uppfærslu á svona stóru verki hlýst verulegur kostnaður og því óskum við eftir stuðningi nefndarinnar við þetta veigamikla verkefni.

Lýsing á verkefninu

Verkefnið okkar er að setja upp söngleik um Pálmar Ólason; tónlistarmann, píanóleikara, arkitekt og skemmtikraft. Meðal markmiða okkar með söngleiknum er að auðga menningarlíf í Garðabæ ásamt því að sýna fram á umfangsmikil áhrif Pálmars á íslenskt menningar- og tónlistarlíf.

Í söngleiknum svífur andi dægurlagatónlistar 6. áratugarins yfir vötnum og er tónlistin samansett af frumsömdum lögum eftir okkur, sem og lögum og textum eftir Pálmar.

Um söngleikinn

Pálmar Ólason er afi Tinnu Margrétar og byggir söngleikurinn á raunverulegum atburðum úr hans lífi. Hann er góðhjartaður skemmtikraftur sem þarf að taka ákvörðun um hvort hann vilji stefna á listina eða eitthvað hagkvæmt, eins og arkitektúr. Sigurveig er kærasta hans og stendur hún alltaf við bakið á Pálmari og styður hann í öllu sem hann gerir, en það sem hún þráir mest er að eignast fjölskyldu með Pálmari. Pálmar er yfir sig ástfanginn af Sigurveigu og langar að eignast líf með henni en þó vill hann ekki að hún sé skuldbundin honum á meðan hann fer til Ítalíu í nám. Á meðan dvöl hans stendur á Ítalíu verður hann heltekinn af ítalskri tónlist. Hann byrjar að skrifa íslenska lagatexta við lögin og sendir þau heim til Íslands svo að Raggi Bjarna,

Haukur Morthens og Ellý Vilhjálms, svo einhver séu nefnd, geti sungið þau og komið þessari undurfögru tónlist til Íslendinga. Pálmar er stanslaust að vinna, læra og skemmta, þannig að þegar að hann veikist alvarlega setur það ugg að fólkinu í kringum hann og Sigurveig kemur alla leið til Ítalíu til þess að hugsa um hann.

Mun Pálmar ná sér aftur? Mun Sigurveig fá fjölskyldulífið sem hana dreymir um? Hvort velur Pálmar listina eða hið hagkvæma? Það er aðeins ein leið til að vita og það er að koma og sjá söngleikinn Pálmar!

Um höfundana og leikhópinn

Guðrún Ágústa er á tónlistarbraut við Menntaskólann í Hamrahlíð og Tinna er á leiklistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og erum við báðar búsettar í Garðabæ og stundum nám í klassískum söng við Tónlistarskóla Garðabæjar. Við erum báðar vanar því að koma fram á sviði og höfum við sinnt því mikið í sumar. Á vegum Skapandi sumarstarfa höfum við verið að koma fram á allskyns hátíðum og viðburðum að syngja lög úr söngleiknum ásamt sígildum dægurlögum. Við komum til dæmis fram á Hlemmi þann 17. júní, Jónsmessuhátíð Grósku, á Ísafoldi og svo loks á lokahátíð Skapandi sumarstarfa á Garðatorgi. Við höfum fundið fyrir miklum áhuga bæjarbúa á sýningunni og hafa margir gefið sig sérstaklega á tal við okkur um áhuga sinn á sýningunni.

Við erum 6 manna leikhópur í grunninn en einnig verða sviðsmenn og aukaleikarar okkur til halds og trausts. Tveir tæknimenn munu keyra sýningarnar og ljósaönnuður mun hanna lýsingu. Eins og gefur að líta er þetta afar stórt verkefni og eru margir aðrir sem að koma að sýningunni, til að mynda dansstjórar, fólk í tónlistarvinnslu, o.fl. Stefnt er að frumsýningu 28. ágúst í hátíðarsal Fjölbrautaskóla Garðabæjar.

Fjármagn og styrkbeiðni

Til þess að þetta draumaverkefni okkar geti orðið að veruleika þurfum við töluvert fjármagn. Við óskum eftir styrk frá Garðabæ að upphæð 1.000.000 kr.

Til að draumar okkar gagnvart söngleiknum geti ræst þurfum við gríðarlegt fjármagn og því viljum við biðja ykkur um að styrkja okkur um 1,000,000 kr.

Fjárhagsáætlun, sem fylgir hér fyrir neðan, gerir ráð fyrir að útgjöld verði töluvert hærri en við bindum vonir við að miðasala á söngleikinn komi til móts við það sem uppá vantar. Það væri okkur sannur heiður að setja upp okkar fyrsta alvöru söngleik og þetta risastóra verkefni með aðstoð frá ykkur.

Með virðingu og von um jákvæð svör
Guðrún Ágústa og Tinna Margrét

Fjárhagsáætlun:

Kostnaðaráætlun				
Kostnaðarliður	Athugasemd	Fjöldi	Verð pr. eining	Samtals
Laun til leikara		6	60,000	360,000
Sviðsmynd				300,000
Búningar				150,000
Tæknimenn		2	60,000	120,000
Auglýsingaplaggöt		30	1,000	30,000
Leikskrá	Prentun og hönnun			120,000
Tónlistarvinnsla	Upptaka, master og mix			300,000
Leiga á sal				50,000
Annar kostnaður				150,000
				1,580,000